

VÍSIR

Utgefandi: Blaðaútgáfan VÍSIR.
Ritstjórar: Hersteinn Pálsson, Gunnar G. Schram.
Aðstoðarritstjóri: Axel Thorsteinsson.
Fréttastjóri: Þorsteinn Ó. Thorarensen.
Ritstjórnarskrifstofur Laugavegi 178.
Auglýsingar og afgreiðsla Ingólfsstræti 3.
Áskrifstargjald er 55 krónur á mánuði.
Í lausasölu 4 kr. eint. — Sími 11660 (5 línur).
Prentsmiðja Vísis. — Edda h.f.

Hvaðan hefur Þjóðviljinn þetta?

Ritstjóri Þjóðviljans sagði í forustugrein s. l. föstudag, að stjórnarflokkarnir hefðu fyrir ári haft þá afstöðu „að Íslendingar ættu að gerast fullir aðilar að Efnahagsbandalaginu og það sem allra fyrst“.

Hvaðan kemur ritstjóranum þessi vitneskja? Enginn af ráðherrum né þingmönnum stjórnarflokkanna hefur nokkru sinni í ræðu eða riti sagt að full aðild væri hugsanleg, hvað þá meira. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin alltaf sagt að full aðild að bandalaginu kæmi ekki til greina og önnur tengsl þyrftu nákvæmrar athugunar við, og því rétt að biðja unz gengið hefði verið frá samningum við aðrar þjóðir, sem sótt hefðu og sækja kynnu um aðild eða aukaaðild. Hins vegar taldi ríkisstjórnin og telur enn rétt og nauðsynlegt að nota þennan tíma til þess að kynna valdamönnum Efnahagsbandalagsins málstað okkar og sérstöðu sem bezt.

Þessi kynning á málstað okkar hefur verið stjórnarandstöðunni mikill þyrnir í augum, og er erfitt að skilja að sú afstaða hennar geti verið af þjóðhollum toga spunnin. Slíkt þarf heldur enginn vitborinn maður að láta sér detta í hug um kommúnista. Baráttan þeirra gegn öllum tengslum Íslands við efnahagsbandalagið er auðvitað til þess eins háð, að gera okkur viðskiptalega háða Rússum og spilla sambúð okkar við vestrænar þjóðir.

Þetta má hverjum ljóst vera, sem lítur í Þjóðviljann og les áróðurinn gegn tengslum Íslands við Efnahagsbandalagið, því þótt reynt sé að framreiða hann sem ættjarðarást og umhyggju fyrir íslenskum hagsmunum, skín þar, eins og fyrri daginn, í gegn ástin á Rússum og undirlægjuhátturinn við yfirboðarana í Moskvu.

Framsókn óheil sem fyrr

Það ætti ekki vera álitamál meðal lýðræðissinna, að ríkisstjórninni ber skylda til að láta einskis ófreistað, sem verða mætti til þess, að við gætum náð hagkvæmum tengslum við Efnahagsbandalag Evrópu. Forustumönnum Framsóknar er þetta auðvitað vel ljóst, en eigi síður hefur Tíminn iðulega verið með glósur og getsakir í garð stjórnarinnar út af þessu máli.

Þetta hefur ekki verið gert vegna þess, að foringjar Framsóknar hafi í raun og veru efazt um það, að ríkisstjórnin legði sig alla fram til þess að tryggja hagsmuni Íslendinga svo sem bezt mætti verða. Nei, þetta er gamla Framsóknaraðferðin, að nota hvert mál hversu viðkvæmt sem það er og mikilvægt fyrir þjóðarheildina — til þess að ófrægja andstæðingana, ef verða mætti að flokkurinn græddi á því nokkur atkvæði.

MYNDLIST


I. Húsgögn úr ull.

Myndteppið er einn af elztu innanstokksmunum hífýla eða réttara sagt innantjaldsmunum, því að hér er átt við hin færanlegu hífýli, tjöld hinna aust-rænu hirðingjaþjóða. En þar var teppið næstum hin eina „mubla“ og þjónaði margvíslegum tilgangi: á því var setið, sofið, gestunum fagnað og vísað til „sætis“ samkvæmt stöðu þeirra og tign. Með teppum vörðust menn kuldunum, skiptu tjaldinu niður í smáhólf o. s. frv. Teppið var allt í senn: stóll, rúm, borð, skjóltjald, skilrúm en ekki sízt skraut og mynd.

Myndteppin fluttust til Evrópu með krossferðunum og náðu hér brátt sömu vinsældum og austrænum löndum. Það voru aðallega riddarar og aðalsmenn, sem notuðu þau. Því ekki voru lífsvenjur þeirra mjög frábrugðnar lífnaðarhátum hirðingjanna að því leyti, að þessir herrar voru á sífelldum ferðalögum og fylgdu konungum og jörlum á ráðstefnur og þing, í herferðir eða fóru frá sveit til sveitar til að éta upp skatta þegnanna. En hvað húsakost þessara „seigneurs“ snertir, ber að minnast þess, að skálar og hallir þeirra voru á miðöldum lengi vel með rúðlausum gluggum, köldum, óeinangruðum steinveggjum og byggðir efst á hæðarbrún eða bjargi þar sem hvasst var og skjóllaust með öllu.

Nú er ullin mjög gott einangrunarefni. Þess vegna voru múrveggirnir tjaldaðir innan með veggteppum, gluggum lokað með þeim á veturna, stórir salir hólfadír niður í smáherbergi o. s. frv. Lengst hefur þessi siður haldizt í því að tjalda í kringum rúmstæði, og var það vinsæl aðferð til að skapa sér eins konar „svefnherbergi“, samanber lokrekkjur.

En þó skiptir mestu máli þessu sambandi, að menn höfðu lært að lita ullina á margvíslegan hátt. Þegar menn höfðu gert íbúðina vistlegri og hlýrri, með því að tjalda hana, vaknaði hjá þeim löngun til að skreyta tjöldin. Birtust þannig á þeim mynztur og myndir, merki settarinnar, tákn stöðu, myndir af herferðum og sögulegum atburðum og afrekum, það er að segja, af öllu því, sem hjarta og huga var kærast, en þó einkum og sér í lagi í kristninni, boðskap biblíunnar. En þar með voru veggteppin ekki lengur aðeins ómissandi húsgögn, heldur einnig listmunir. Það liggur í augum uppi, að það var mikið atriði, að eigandinn gat látið brjóta þau saman fyrirhafnarlaust, senda á undan sér, svo að öll „innréttingin“ var komin á nýjan dvalarstað þar sem hann ætlaði að setjast að um stundarsakir. Var þetta gert bæði honum til þæginda og til að sýnast, gefa til kynna á glæsilegan hátt, að hér væri kominn maður með frægð og frama. Af öllu þessu hlýtur



▲ Veggteppi eftir Ásgerði Búa-dóttur sem ofið er úr íslenskri ull og er í sauðalitum.

AÐ

það að vera ljóst, að hin ofna mynd er langtum eldri en töflu-eða olíumyndin og gildir hið sama um íslenska myndlist; ekki sízt vegna þess, að hér voru engir steinveggir og ekki hægt að mála á torfið. En gnægð af ull var fyrir hendi og aldagömul kunnátta í því að lita hana fögrum jurtalitum og auk þess nógur tími, þolinmæði, vandvirkni og smekkvísi kvennanna. Svo er enn í dag, nema hvað tíminn þykir vera af skorn um skammti.

II. Ullin og abstraktlist.

Myndvefnaðurinn var þannig skipaður virðulegur sess í sögu listar; en það kemur ef til vill enn skýrar í ljós, ef við athugum málið frá listrænu sjónarmiði.

Endurnýjun myndvefnaðarins á okkar dögum á rót sína að rekja til hinna miklu umbreytinga á sviði myndlistar, sem hafa átt sér stað síðan um aldamót. Hinn mikli hreinsunareldur akstrakt listar hefur einnig skapað nýjan grundvöll fyrir listvefnaðinn. Hversu heiftarlega umdeild sem abstrakt listin kann að vera, þá höfum við í gegnum viðleitni hennar aftur

fengið þekkingu og skilning á listrænum grundvallaratriðum, sem fallið höfðu í gleymsku. Hin mikilvægustu eru:

1) Það, sem sýnt er á myndinni, flýr ekki lengur augu áhorfandans inn í ímyndaða dýpt myndarinnar, heldur stefnir á móti manni (Braque segir: Umfram allt enga augnablekkingu!)

Þar með var aftur fengið samræmi myndar og veggflatarins

2) Aftur var uppgötvaður hinn upprunalegi tjáningarmáttur abstraktra forma.

3) Línan sjálf er leyst undan þjónustu við hlutinn og fékk þar með frelsi til að lúta sínu eigin lögmáli og sinni eigin hrynjandi. Skapast þar með form og línutilbrigði, sem venjulega kallast „mynztur“.

4) Litirnir eru leystir úr viðjum naturalismans. Þeir eru ekki lengur notaðir eingöngu í því skyni að líkja eftir efniseinkennum hluta. Þeir birtast nú í sinni hreinu fegurð og táknrænum tjáningarmætti.

5) Skilningur fékkst aftur á því, að liturinn þarfnast útþenslu á fleti til að njóta sín til fulls.

Nú vill svo til að flestra þess

HUGLEIÐINGAR Á SÝNINGU ÁSGERÐAR BÚADÓTTUR

ara kosta gætti í gömlum mynd-
vefnaði áður en honum fór að
hnigna á 17. öld. Öll myndin
breiddist þar út á tvívið teppis-
ins, samræmdist veggnum,
stefndi beint á mann. Öll form
voru mótuð og allar línur dregn-
ar á svipsterkan, einfaldan hátt.
Notaðir voru aðeins 20 til 30
litir. Aftur á móti var sú tala
komin upp í 20 þúsund, er
Gödelin-vefnaðinum fór að
hnigna á tímabili Lúðvíks
fjórtaða.

Í norrænum og austrænum
myndvefnaði kemur það skýr-
fram, að myndir voru upphaf-
lega mynztur, og er þetta fyrir-
bæri sameiginlegt með öllum
upprunalegum listgreinum: Úr
mynzturskógi þessum vaxa
smám saman upp form ákveð-
inna hluta, dýra, plantna og
loks mynd mannsins sjálfs.

Abstrakt listin hefur þannig
gert okkur kleift að taka upp
aftur „ullar“þráð listrænnar arf-
leifðar. Ekki verður það gert
með því að stæla gömul mynztur,
liti og tækni. Þetta væri of
yfirborðslegur misskilningur og
fyrirfram dauðadæmt tiltæki.
„Tradition“ liggur í því að læra
að þekkja aftur hin listrænu lög-
mál, eðli efnisins og ekki sízt í
hvaða tilgangi slíkar myndir eru
ofnar.

III. Eitt dæmi.

Enda þótt nútíma tækni geri
það mögulegt, er samt af ofan-
greindum ástæðum ljóst, að það
er ekki hlutverk listvefnaðarins



að stæla málverk eða ljósmynd-
ir, né heldur að vefa „79 af
stöðinni“ í íslenska ull. Enda
er það ekki gert í verkum Ás-
gerðar Búadóttur. En sýning
hennar, sem er nýafstaðin, ber
því vitni, sem hér er sagt. Ás-
gerður sýndi 13 veggteppi, nokk
uð misjöfn að gæðum og gildi,
eins og verða vill. Flest þeirra
voru ofin með Ryu-aðferð. Það,
sem mesta athygli vekur, er lita
gleði en jafnframt takmörkun
litanna í hverju verki. Ásgerð-
ur skapar skemmtileg og andrök
tilbrigði í Ryu-tækninni. Hún
bindur hnútana undum þéttar
og stundum gisnara inn í vefn-

aðinn. Þannig myndast hrynj-
andi geometrískra forma, sem
hreyfast yfir alla myndbreidd-
ina. Með því að nota hvítan
grunn, lýsist orange-litur hnút-
anna í gull-orange og þar sem
hnútarnir eru þéttari, magnast
liturinn í eldrautt. Einnig kemur
fram í veggteppum hennar einn
kostur, sem ullin hefur umfram
olíulitina: Eftir því sem þræð-
irnir liggja sléttar eða ósléttar,
leikur birtan á sibreytilegan
hátt um þá, litirnir byrja að
sveiflast, eins konar tibrá lit-
anna myndast. Það er málað úr
efni ullar.

Mönnum kann að þykja, að

það sé lítið, sem áunnizt hefur
og spyrja: „Hvar er myndin?“
Nú vill svo til, að Ásgerður hef-
ur áður fyrr ofið slíkar myndir,
t. d. stúlkumynd með fugli (sam-
anber íslenzkar eftirprentanir).
En það, að hún skuli hafa hætt
því — að minnsta kosti í bili
— er mér einmitt sönnun þess,
að hún hafi náð réttum áfanga
í viðleitni sinni. Hún hefur hætt
því, að því er mér skilst, vegna
þess að hún vill ekki gera meira
en listræn samvizka hennar get-
ur forsvarað hverju sinni. Hún
takmarkar viðleitni sína í sam-
ræmi við eðli efnisins. Hún
lætur ekki trufla sig af því, sem
enn kann að vanta.

Það er að vefja mynd.

Ekki finnst mér ástæða til
þess að hrósa hér sérstöku af-
reki, en mér er ljúft að mega
segja frá því, að hér sé stefnt
í rétta átt. Eg held að listakonan
finni þegar til ánægju yfir því,
að ullin kennir henni hvernig
hún vill vera unnin, svo að feg-
urð hennar komi í ljós. Vegg-
teppi Ásgerðar eru gerð í þeim
tilgangi að vera látlaus baktjöld
okkar daglega lífs, róandi, óupp-
þrengjandi bakgrunnur í hífyl-
um okkar, sem vermir augu og
sál. En ekki held ég að okkur
hæfi að heimta á þeim sjálfs-
ævisögu okkar. Þessi teppi eru
þegjandi svör nútímans við
myndagný og litahávaða, sem
flæðir yfir okkur á hverjum
degi. Hefði ég aura, myndi ég
bregða upp á vegg gulu teppi á
dimmum vetrardegi eða þegar

Franskur myndvefnaður frá
byrjun 15. aldar, miðalda-
áhrif eru mjög greinileg.


sérstaklega vel lægi á mér, en
því blágræna, þegar óró anda og
tauga vill ekki lægja.

IV. Samvinna tímabær.

Það leynir sér ekki, að hinum
íslenska ullariðnaði hefur á
seinasta áratug farið mjög mik-
ið fram. Við erum oft svo upp-
tekin af ölu, sem miður fer, að
við sjáum ekki hvað áunnizt
hefur. En hvað myndvefnaðin-
um viðvíkur, þá vill svo heppi-
lega til, að hræfnið finnst
hvergi betra en hér á landi. Enn
þá er hin aldagamla þekking á
litunaraðferðum lifandi og kon-
ur uppi, sem kunna handverkið
til hlítar. Ber þá fyrst að nefna
frú Vigdís Kristjánsdóttur, sem
um alla kunnáttu í hinni fjöl-
breyttustu tækni í listvefnaði á
fáa sína líka, jafnvel þótt víða
væri leitað.

En vegna þess að hin tækni-
lega bróun nútímans krefst æ
meiri verkaskiptingar, er tími
kominn til þess að hefjast handa
um samvinnu, einnig í mynd-
vefnaði. Öll skilyrði eru fyrir
hendi til að ná góðum árangri.
Kurt Zier.

VEFA MYND



Norskur myndvefnaður frá því um 1700, teppið mun ofið í Voss eða Sogni.

Íslenzkar hjálpar- stöðvar í ALSÍR

Söfnun þeirri, sem hafin var
af Alþýðublaðinu í haust, að frum-
kvæði Hólmfríðar Gunnarsdóttur
blaðakonu, í þágu bágstaddir ALSÍR-
irbúa, verður nú haldið áfram af
Rauða krossi Íslands sem lands-
söfnun, og stendur nokkrar vikur.

Frá þessu skýrði form. Rauða
kross Íslands, Jón Sigurðsson borg
arlæknir á fundi með fréttamön-
num.

Settar verða á stofn sérstakar út
hlutunarstöðvar í Alsír, þar sem
úthlutað verður í nafni Rauða
kross Íslands fjörefnabættri mjólk
og fjörefnabættu brauði, og munu
um 1000 börn daglega verða þess-
rar hjálpar aðnjótandi í vetur, en
það fer eftir hve mikið fé safn-
ast hér á landi, hversu margar
þessar stöðvar verða. Blöðin og út
varpið og Rauða krossdeildirnar
út um land hafa heitið aðstoð sinni

og ýmis félög og einstaklingar
munu leggja hér hendur að.

Jón Sigurðsson skýrði í upphafi
fundarins frá hjálparstarfsemi Al-
þýðu Rauða krossins í Alsír á
þessa leið:

Að beiðni Sameinuðu þjóðanna
hélt Alþýða Rauði krossinn uppi
í 3½ ár viðtækri hjálparstarfsemi
meðal um 275 þúsund alsírskra
flóttamanna, sem þá dvöldust í
Marokkó og Túnis. Fyrir Rauða
kross fé, sem nam mörgum hund-
uðum milljóna króna, var flótta-
fólkinu séð fyrir fæði, fatnaði og
húsk skjóli. Aldrei hafði Rauði
krossinn áður staðið fyrir svo
langvinnri hjálparstarfsemi.

Í lok júlímánaðar s.l. var R.K.
sýnt það traust að annast flutn-
ing á flóttafólkinu til heimkynna
þess í Alsír, og gert var ráð fyr-
Framh. á bls. 7.